

Myndhöfundasjóður Íslands

Ársreikningur 2018

Hafnarstræti 16
101 Reykjavík

Kt. 540891-1419

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8
Sundurliðanir	10

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Myndhöfundasjóðs Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Myndhöfundasjóðs Íslands fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2018, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2018, efnahag hans 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð Myndhöfundasjóði Íslands í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórnendur og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi Myndhöfundasjóðs Íslands og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp sjóðinn eða hætta starfsemi hans eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:


- * Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- * Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík, 27. maí 2019


Asbjörn Björnsson
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.


Aðalstarfsemi sjóðsins er fólgin í að annast hagsmunagæslu á sviði höfundarréttar og innheimta þóknarir fyrir notkun á höfundarétti ásamt því að innheimta fylgiráttargjöld vegna endursölu listaverka í atvinnuskyni.

Samkvæmt rekstrarreikningi sjóðsins var hagnaður til ráðstöfunar á árinu 2018 kr. 9.932.648. Eigið fé sjóðsins í árslok nam kr. 26.823.966. Á árinu 2018 úthlutaði sjóðurinn styrkjum að fjárhæð kr. 13.190.000.

Þrír starfsmenn störfuðu fyrir sjóðinn á árinu 2018 í hlutastörfum.

Stjórn Myndhöfundasjóðs Íslands staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. maí 2019


Jón Guðmundsson
Kallakonan K. Steigja-Dr. Tannkera
Einfundurur / VRMUN.
þannig ársreikningi.

Áritun félagskjörins skoðunarmanns

Ég hef yfirfarið ársreikning Myndhöfundasjóðs Íslands, Myndstefs fyrir árið 2018 og sé ekki ástæðu til athugasemda.

Reykjavík, 27. maí 2019


Sigríður Gunnlaugsdóttir.

Rekstrarreikningur 2018

Rekstrartekjur	Skýr.	2018	2017
Höfundaréttartekjur	7	21.131.866	31.853.008
Fylgiréttargjöld	8	6.131.923	5.223.509
		<u>27.263.789</u>	<u>37.076.517</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	12.328.183	12.466.146
Annar rekstrarkostnaður	9	5.814.226	5.724.355
		<u>18.142.409</u>	<u>18.190.501</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		9.121.380	18.886.016
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		440.077	331.495
Vaxtagjöld		(1.091)	(53.108)
Fjármagnstekjuskattur		(58.580)	(47.673)
Fjármagnsliðir fylgiréttargjalda		430.862	356.929
		<u>811.268</u>	<u>587.643</u>
Hagnaður til ráðstöfunar		9.932.648	19.473.659
Styrkveitingar			
Verkefnastyrkir		(8.000.000)	(4.500.000)
Ferða- og menntunarstyrkir		(2.250.000)	(1.500.000)
Aðrar styrkveitingar		(2.940.000)	(940.000)
		<u>(13.190.000)</u>	<u>(6.940.000)</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2018	2017
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur		0	36.937
Eignir fylgiréttarsjóðs		19.038.272	15.769.868
Handbært fé		21.660.282	31.039.000
Veltufjármunir samtals		<u>40.698.554</u>	<u>46.845.805</u>

Eignir samtals

40.698.554

46.845.805

31. desember 2018

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2018	2017
Eigið fé			
Fylgiréttarsjóður		875.909	(754.591)
Annað eigið fé		25.948.057	30.835.909
Eigið fé samtals	4	<u>26.823.966</u>	<u>30.081.318</u>
 Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ógreidd höfundaréttargjöld		6.225.435	7.042.108
Ógreidd fylgiréttargjöld		6.679.812	8.742.423
Aðrar skammtímaskuldir		969.341	979.956
Skammtímaskuldir samtals		<u>13.874.588</u>	<u>16.764.487</u>
 Skuldir samtals		<u>13.874.588</u>	<u>16.764.487</u>

Eigið fé og skuldir samtals

40.698.554

46.845.805

Sjóðstreymi 2018

Handbært fé frá rekstri	Skýr.	2018	2017
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		9.121.380	18.886.016
Hreint veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		9.121.380	18.886.016
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímaskuldir	(2.889.899)	4.848.947	
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	6.231.481	23.734.963	
Innborgaðar vaxtatekjur	440.077	331.495	
Fjármagnsliðir fylgiréttargjalda	430.862	356.929	
Greidd vaxtagjöld	(1.091)	(53.108)	
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(58.580)	(47.673)	
Handbært fé frá rekstri	7.042.749	24.322.606	
Fjármögnunarhreyfingar			
Styrkveitingar ársins	(13.190.000)	(6.940.000)	
Fjármögnunarhreyfingar	(13.190.000)	(6.940.000)	
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(6.147.251)	17.382.606	
Handbært fé í ársbyrjun	46.845.805	29.463.199	
Handbært fé í árslok	40.698.554	46.845.805	
Skipting handbærs fjár			
Fylgiréttarsjóður	19.038.272	15.769.868	
Myndhöfundasjóður	21.660.282	31.039.000	

Skýringar

1. Upplýsingar um sjóðinn

Aðalstarfsemi Myndhöfundasjóðs Íslands er fólgin í að annast hagsmunagæslu á sviði höfundaréttar og innheimta þóknarir fyrir notkun á höfundarétti ásamt því að innheimta fylgiréttargjöld vegna endursölu listaverka í atvinnuskyni. Lögheimili sjóðsins er að Hafnarstræti 16, 101 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur vegna höfundaréttar innanlands eru færðar til tekna við útgáfu reiknings. Erlendar höfundaréttartekjur, fylgiréttargjöld og aðrar tekjur eru færðar til tekna við greiðslu þeirra til sjóðsins eða þegar engin óvissa er um innheimtu þeirra.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Laun og launatengd gjöld

	2018	2017
Laun	10.197.806	10.703.206
Launatengd gjöld	2.130.377	1.762.940
Laun og launatengd gjöld alls	12.328.183	12.466.146

Greidd voru laun til 3 starfsmanna í hlutastörfum en auk þess til 8 stjórnarmanna á árinu. Laun stjórnarmanna námu 2,3 millj kr.

Skýringar

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Fylgiréttar- sjóður	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1/1	(754.591)	30.835.909	30.081.318
Afkoma ársins	2.570.500	7.362.148	9.932.648
Styrkveitingar	(940.000)	(12.250.000)	(13.190.000)
Eigið fé 31/12	875.909	25.948.057	26.823.966

5. Kennitölur

Fimm ára yfirlit helstu lykiltalna:

	2018	2017	2016	2015	2014
Höf.r.tekj. brúttó ...	24.828.050	36.861.605	27.864.689	23.111.988	19.904.463
Fylgir.tekj. brúttó ...	19.880.304	18.694.290	12.104.663	13.310.895	15.551.907
Hagnaður	9.932.648	19.473.659	7.254.317	6.798.341	8.364.787
Styrkveitingar	(13.190.000)	(6.940.000)	(9.040.000)	(8.790.000)	(9.040.000)
Eigið fé	26.823.966	30.081.318	17.547.659	19.333.342	21.325.001

6. Atburðir eftir lok reikningsskiladag

Vegna breytts fyrirkomulags á skiptingu greiðslu IHM á milli aðildarfélaga og ágreinings um aðferðafræði þess hefur stjórn IHM ekki komist að niðurstöðu um hluta hvers félags. Því barst engin greiðsla frá IHM á árinu 2018.

Á fulltrúaráðsfundi IHM þann 3. desember 2018 var sú tillaga samþykkt að úthluta til bráðabirgða. Þar sem tillagan um fjármuni var ekki endanleg var 30% af heildargreiðslu frá ríkissjóði haldið eftir og 70% greitt út, með því skilyrði að bráðabirgðaúthlutunin verði leiðrétt með afturvirkum hætti við endanlega úthlutun og uppgjör vegna ársins 2018 eða í síðasta lagi við næstu úthlutun.

Greiðsla vegna bráðabirgðaúthlutunnar 2018 barst Myndstefi þann 28. mars 2019, samtals kr 9.496.498 kr.

Þar sem óvíst er um endanlegan hlut Myndstefs og mögulega endurgreiðslu á þessum fjármunum hefur úthlutun IHM ekki verið talin til tekna í ársreikningi ársins 2018.

Sundurliðanir

	2018	2017
7. Höfundaréttartekjur		
Fjölís	19.598.222	19.053.648
IHM	0	11.141.540
Aðrir innlendir aðilar	3.430.765	6.408.453
Erlendar greiðslur	1.799.063	257.964
	24.828.050	36.861.605
Hlutdeild höfunda	(3.817.752)	(4.599.822)
Leiktjalda- og búningahöfundar	0	(760.013)
80% hlutdeild Myndstefs	121.568	351.238
	21.131.866	31.853.008
8. Fylgiréttargjöld		
Fylgiréttargjöld ársins innlend	19.041.072	16.079.245
Fylgiréttargjöld ársins erlend	839.232	2.615.045
	19.880.304	18.694.290
Hlutdeild höfunda	(15.904.243)	(14.955.431)
	3.976.061	3.738.859
Hlutdeild Myndstefs vegna höfunda 80%	2.155.862	1.484.650
	6.131.923	5.223.509
9. Annar rekstrarkostnaður		
Lögfræðipjónusta/innheimta	652.435	360.000
Rekstrarsamningur við SÍM	1.200.000	1.200.000
Endurskoðun og reikningsleg aðstoð	1.484.150	1.493.946
Bókhaldspjónusta	607.693	1.095.540
Tölvukostnaður og forrit	889.591	217.773
Sími, Internet og póstburðargjöld	193.435	224.019
Gjaldfærð áhöld og tæki	15.493	294.842
Annar skrifstofukostnaður	142.129	97.251
Ferðakostnaður	0	39.400
Gjafir og styrkir	14.818	8.900
Auglýsingar	40.621	136.284
Starfsmannakostnaður	65.376	119.149
Fundakostnaður	416.697	353.674
Tryggingar	36.937	0
Annar kostnaður	54.851	83.577
	5.814.226	5.724.355

Yfirlit vegna fylgiréttargjalda

	2018	2017
Uppruni fjár		
Fylgiréttargjöld sbr. rekstrarreikning.....	6.131.923	5.223.509
Vaxtatekjur ársins	552.381	446.154
	<u>6.684.304</u>	<u>5.669.663</u>
Ráðstöfun fjár		
Bankakostnaður og fjármagnstekjuskattur.....	137.743	100.071
Þóknun Myndstefs.....	3.976.061	3.738.858
Styrkir.....	940.000	6.940.000
	<u>5.053.804</u>	<u>10.778.929</u>
Breyting eigin fjár sbr. skýr nr. 4 í ársreikningi.....	<u><u>1.630.500</u></u>	<u><u>(5.109.266)</u></u>
Til ráðstöfunar		
Handbært fé 31/12.....	7.526.462	7.958.573
Ofgreidd fylgiréttargjöld.....	29.259	29.259
	<u>7.555.721</u>	<u>7.987.832</u>
Ógreitt sérgreindum höfundum.....	(6.679.812)	(8.742.423)
Nettó eign sjóðsins 31/12 sbr. skýr 4 í ársreikningi.....	<u><u>875.909</u></u>	<u><u>(754.591)</u></u>